

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs
28. fundur
haldinn að Lyngási, 4. mars 2010

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Björn Gunnarsson, Björn Ármann Ólafsson og Þórhallur Þorsteinsson. Magnhildur og Skarphéðinn fjarverandi.

Gestir fundarins: Guðrún Jónsdóttir frá Náttúrustofu Austurlands sat fundinn gegnum síma.

Dagskrá:

1. Verndaráætlun
2. Önnur mál

Formaður stýrði fundi og setti hann kl. 20.35. Gengið var til dagskrár.

1. Verndaráætlun

Farið var yfir nokkur atriði í áætluninni. Skal hér getið þeirra helstu:

Kveða þarf nánar á um salernisaðstöðu innan hjóðgarðsins. Meirihluti var fyrir því að taka út setningu um að metið yrði eftir ákveðinn tíma hvort refaveiðar yrðu bannaðar. Þórhallur lagði til að setningin stæði. Rætt var um slóða og vegi. Lagt var til að skerpa á því að Vegagerðin eigi að bera ábyrgð á vegakerfi hjóðgarðsins. Fleira var rætt en fundarmenn voru á því að flestar athugasemdir væru komnar inn.

Ákveðið var að halda kynningarfund um verndaráætlunina á Hótel Héraði fimmtudaginn 11. mars. Fundurinn verður fyrir allt svæðið, auglýstur í Dagskránni en einnig boðaður með dreifibréfi í sveitirnar. Drög að verndaráætluninni verða gerð aðgengileg á heimasíðu hjóðgarðsins fyrir fundinn.

2. Önnur mál

Í vikunni var á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands í samstarfi við Vini Vatnajökuls haldið námskeið um Snæfell og Eyjabakkasvæðið. Svæðisráð Austursvæðis hvetur til þess að þegar svona námskeið eru haldin þá séu þau einnig boðin gegnum fjarfundabúnað á viðkomandi svæðum og bendir jafnframt á að námskeiðin megi halda úti á landi og senda gegnum fjarfundabúnað til Reykjavíkur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 22.00.

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Þórhallur Þorsteinsson

Björn Ármann Ólafsson